

Kópavogi, 16. desember 2021

Tilvísun: CoreData-númer

## Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: , Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Urbanic Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson, Sonja Dögg Pálsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir.

Haraldur F. Gíslason yfirgaf fundinn kl. 13:30

Þorgerður L. Diðriksdóttir yfirgaf fundinn kl. 14:30

Fjarverandi: Kristinn Þorsteinsson.

Fundarritari: Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

## Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð síðasta fundar
2. Kynning frá undanþágunefnd.
3. Tilfærsla málaflokka á milli ráðuneyta.
4. Leiðbeiningar um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu.
5. Önnur mál

## Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá fundarins. Ekki voru heldur gerðar athugasemdir við fundargerð og skoðast hún því samþykkt.
2. Formaður undanþágunefndar, Ingileif Ástvaldsdóttir, kynnti störf nefndarinnar frá því að hún tók til starfa í júní á síðasta ári. Hún starfar á grundvelli laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 og reglugerð nr. 644/2020. Önnur grein reglugerðarinnar kveður á um hlutverk hennar:  
*Undanþágunefnd kennara metur umsóknir skólastjórnenda um heimild til að lausráða til kennslu starfsmann sem ekki er með leyfisbréf kennara, sbr. 9. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.*

*Undanþágunefnd gerir tillögu um afgreiðslu umsóknar til Menntamálastofnunar sem tekur endanlega ákvörðun um hvort undanþága skuli veitt.*

Í umræðum um kynninguna og störf nefndarinnar var rætt um mikilvægi þess að samhliða umsóknum skólastjórnenda um undanþágur til að ráða til kennslu starfsmann sem ekki er með leyfisbréf kennara verði hægt að safna og halda til haga gögnum sem nýtast við að fá yfirsýn yfir fjölda þeirra sem starfa sem leiðbeinendur í skólum. Á það jafnt við um þá leiðbeinendur sem eru í launuðu starfsnámi, stunda kennaranám samhliða kennslu og þeirra sem undanþágunefnd fjallar um.

3. Sonja Dögg starfsmaður mmr og varaformaður kennararáðs sagði stuttlega frá tilfærslu málaflokka á milli ráðuneyta eftir að ný ríkisstjórn tók við og stofnað var m.a. ráðuneyti mennta- og barnamála. Hún benti á eftirfarandi slóðir sem skýra málið enn frekar:

<https://www.althingi.is/altext/152/s/0169.html> og

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=167>

4. Formaður ráðsins lagði fram eftirfarandi tillögu frá honum og varaformanni ráðsins að verklagi við rýningu kennararáðs á leiðbeiningum um verklag við ráðningar:
- Í starfsáætlun kennararáðs er 4. liður „Leiðbeiningar við mat á sérhæfingu kennara við ráðningu“ og rímar hann við hlutverk ráðsins skv. lögnum um að „veita leiðsögn um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu“. Árið 2019 gaf Menntamálastofnun út leiðbeiningar um verklag við ráðningar kennara og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, sjá á vef stofnunarinnar. Í starfsáætlun kennaráðs kemur fram að ráðið rýni leiðbeiningarnar og komi með tillögur að úrbótum ef við á, eins og gert var fyrri hluta árs 2021. Tillaga: Meðlimir ráðsins (aðal- og/eða varamenn í samráði við sín baklönd eftir því sem við á) rýna leiðbeiningar Menntamálastofnunar. Ef einhverjar tillögur eru að úrbótum þá er þeim komið á framfæri í gegnum viðeigandi stað á Teams svæði kennararáðs í síðasta lagi 15. janúar 2022. Í kjölfarið getur kennararáð svo komið með tillögu til Menntamálastofnunar um úrbætur, ef þörf þykir.

Tillaga formanns og varaformanns var samþykkt.

5. **a.** Ragnar og Ingileif sögðu frá því að nýskipaður mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason hefði verið í heimsókn í Menntamálastofnun fyrr um daginn. Á fundi sem hann hélt með starfsmönnum inntu þau hann eftir reglugerðinni sem er í smíðum og byggir á hæfnirömmum sem kennararáð vann og skilaði af sér í júní á þessu ári. Þau bentu einnig á að brýnt væri að reglugerðin liti brátt dagsins ljós þar sem það væru bráðum tvö ár síðan löggin menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla tóku gildi. Svör ráðherra voru á þá leið að unnið væri að gerð reglugerðarinnar og að hann fylgjast með gangi mála.

Í umræðum kom fram að unnið væri að því að reglugerðin færi í samráðsgátt í febrúar á næsta ári.

**b.** Næsti fundur nefndarinnar er áformaður fimmtudaginn 27. janúar 2022 kl. 13-15.

Næsti fundur: Fimmtudaginn 27. janúar 2022 kl. 13.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: IÁ|